




Evrópski tungumáladagurinn  
26. september

EUROPEAN CENTRE FOR  
MODERN LANGUAGES  
E C M L  
C E L V  
CENTRE EUROPEEN POUR  
LES LANGUES VIVANTES

COUNCIL OF EUROPE  
  
CONSEIL DE L'EUROPE



**FERÐALAG**  
**LÖRU** UM SVÆÐISBUNDIN  
**TUNGUMÁL OG TUNGUMÁL**  
**MINNIHLUTAHOÞA Í EVRÓPU**

IS

# VELKOMIN Í ANNAÐ FERÐALAG UM TUNGUMÁL EVRÓPU!



Á þessu ferðalagi mun Lara leggja leið sína gegnum undraverðan heim svæðisbundinna tungumála og tungumála minnihlutahópa og uppgötva ýmsa fjársjóði sem tungumál Evrópu hafa að geyma.

Svæðisbundin mál og tungumál minnihlutahópa eru töluð á sérstöku svæði í einu landi eða á svæðum í mörgum löndum og búa yfirleitt yfir frekar fáum málhöfum.

Tungumál minnihlutahópa þurfa ekki alltaf að vera svæðisbundin heldur geta þau verið töluð af hópi fólks sem hefur dreift sér um Evrópu og samsamar sig ekki tilteknu landi. Einnig geta þau verið ríkismál í einhverju öðru landi, sbr. ítölsku í Slóveníu. Meirihluti aðildarríkja Evrópuráðsins viðurkenna svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa sem eru töluð á þeirra yfirráðasvæði. Talið er að ríflega 50 milljón Evrópubúa tali svæðisbundið mál eða tungumál minnihlutahóps.


Auk tungumála sem koma til álfunnar með fólksflutningum telur Evrópa yfir 225 tungumál sem eru upprunin í Evrópu – því er ekki að furða að svæðisbundin mál og tungumál minnihlutahópa eigi það til að týnast í mergðinni. Þegar tungumál

er eingöngu notað af einni, yfirleitt eldri, kynslóð eða er einungis bundið við sérstaka kima þjóðfélagsins er mikil hætt á að því hnigni sem getur leitt til þess að það deyi út.

Á fyrra ferðalagi sínu kynntist Lara 46 tungumálum í Evrópu, flestum ríkismálum, en nú ætlar hún að kafa dýpra í heim tungumálanna og kanna mál sem eru ekki vel þekkt utan málsvæða sinna. Sum þessara tungumála búa yfir mörgum mállýskum, sum eiga sér ekki staðlað ritform og eru jafnvel skrifuð á mismunandi vegu, og hjá sumum fer málhöfum sífellt fækkandi. Eitt eiga þau þó öll sameiginlegt – þau geta státað sig af öflugum samfélagi sem beitir sér fyrir varðveislu tungumálsins.

Við getum bara gefið þér innsýn í nokkur evrópsk tungumál. Til eru fleiri tungumál sem ekki er minnst á hér, ekki vegna þess að þau séu síður mikilvæg eða áhugaverð heldur vegna þess að okkur gefst ekki tími til þess að kynna þau öll á þessu stutta ferðalagi. Hver blaðsíða er tileinkuð einu tungumáli og á henni geturðu séð stutta kynningu frá Löru, nokkur mikilvæg orð og orðastæður, sérstaka bókstafi og áætlaðan fjölda málhafa. Við vonum að þú njótir þess að

fylgja leiðsögumanninum Löru á ferð hennar um minna þekkt tungumál Evrópu sem gæti fengið þig til þess að leggja í svipað ferðalag! Þökk sé tækninýjungum þegar kemur að tungumálanámi er sífellt auðveldara að finna efni til lærdóms á netinu og það hefur aldrei verið jafn auðvelt að kynna sér þann fjölda tungumála sem eru töluð innan Evrópu. Það er ekki eftir neinu að bíða – við skulum kynnast þessari tungumálaflóru betur og fagna fjölbreytileika tungumálanna í álfunni okkar!



Í þessari bók má einnig finna:


YI  
27

LAD  
28

# TUNGUMÁLIN SEM LARA MUN KYNNAST Á FERÐ SINNI

Hér má sjá öll þau tungumál sem Lara hefur  
fræðst um á ferðalögum sínum gegnum  
Evrópu. Þetta er þó einungis brotabrot af öllum  
tungumálum Evrópu – hvað þá heimsins!

Blaðsíðutal



Í fyrstu bókinni kynntist Lara einnig: rómísku  
(rom. *Romani čhib*) og alþjóðlegu táknmáli

Tungumál sem birtust í fyrstu bókinni  
(Ferðalag Löru um tungumál Evrópu)

# FIU MEÄNKIELI

👤👤👤 70 000

Nú til dags má greina þrjár mállýskur innan meänkieli sem eru talaðar í norðurhlutum Finnlands, Svíþjóðar og Noregs.

## Viðgangur nýs tungumáls

Hefur þú einhvern tíma heyrt minnst á meänkieli? Þetta mál var upphaflega finnsk mállyska töluð í Tornedal (fiu. Meänmaa) við landamæri Svíþjóðar og Finnlands. Árið 1809 féll Finnland í hendur Rússa sem olli því að finnskumælandi fólk handan landamæra gat ekki lengur átt í samskiptum við aðra málhafa finnsku. Tornedal-mállyskan þróaðist þ.a.l. í sjálfstætt tungumál, meänkieli, óháð finnskri málpróun.

Saga meänkieli sýnir okkur hvernig það er tungumálum eðlislægt að þróast og að þau þróast á mismunandi vegu þegar málhöfum sama tungumáls er stíað í sundur, hvort sem það er af pólitískum eða landfræðilegum ástæðum. Hvað sem því líður eru bæði tungumálin lífvænleg.

Hei!

Kunka sie jaksat?

Kiitos!

- 1 yks
- 2 kaks
- 3 kolme
- 4 neljä
- 5 viis
- 6 kuus
- 7 seittemän
- 8 kaheksan
- 9 yheksän
- 10 kymmenen

Kyllä

Ei

å

ö

ä

Kuuntele, miltä nämä sanat kuulostava >>>>

Mynd: Jukkasjärvi-íshóтелиð í Svíþjóð



# ANARÂŠKIELÂ SMN

450

- 1 ohtâ
- 2 kyehti
- 3 kulmâ
- 4 nelji
- 5 vittâ
- 6 kuttâ
- 7 čiččâm
- 8 käävci
- 9 oovce
- 10 love

Joo

Ij

Mii kulloo?

Tiervâ!


Takkâ!

## Nyrsta frumbyggjamál Evrópu

Samísk tungumál eru töluð af Sömum í norðurhlutum Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og vestanverðs Rússlands. Í fyrstu bók Löru var fjallað um norðursamísku, sem er útbreiddasta samíska málið, en að henni meðtalinni eru núlifandi samísk tungumál níu talsins og geta þau verið mjög frábargðin hvert öðru.

Á þessari síðu geturðu lært orð og orðastæður á inarísamísku. Móðurmálshöfum inarísamísku hefur farið fækkandi síðastliðna áratugi, en sem betur fer er nú verið að reyna að endurvekja málið. Sem dæmi um það má nefna netorðabók með gagnlegum segðum á inarísamísku, norðursamísku og skoltsamísku gefna út af finnskri heimildarmyndagerðarkonu og samísku skáldi. Orðabókina, sem heitir Say it in Saami, má finna í opnum aðgangi á netinu. Hægt er að senda inn tillögu að segð til þýðingar. Ekki hika við að nota þetta gagnlega tól til þess að hlusta á og læra gagnleg orð á inarísamísku, norðursamísku og skoltsamísku!

Taktu eftir því hvernig tíu er skrifað á inarísamísku! Minnir þetta þig ekki á eitthvað orð á ensku?



◀◀◀ Kuldál tai saanij jienâdem

Mynd: hreindýr á Lapplandi

ŋ

ö

å

â

ž

š

ä

á

č

đ

# KL KALAALLISUT/TUNUMIIT

👤👤👤 57 000


Tvær helstu mállýskur grænlensku eru kalaallisut, sem er ráðandi, og tunumiit oraasiat. Sú fyrrnefnda er töluð á vestanverðu landinu en sú síðarnefnda á því austanverðu. Orðin og orðastæðurnar sem hér koma fram eru fengin úr kalaallisut.

## Tungumál inúíta

Kalaallisut er náskyld öðrum inúítamálum, t.a.m. inúktitút sem talað er í Kanada. Vissir þú að orðin *kajak* og *núnatakkur* 'fjallstindur eða -toppur sem stendur upp úr jökli' eru tökuorð úr kalaallisut?

Almennt er talið að erfitt sé að læra tungumálið sökum flókins beygingakerfis og fjölda óreglulegra sagna. Með því að skeyta viðskeytum og rótum við orð er hægt að búa til mjög löng orð, sbr. *nalaasaarusuummerujussuaraluar-punga* sem þýðir 'skyndilega langaði mig til þess að leggjast niður og hvíla mig, en...'

Ef þig langar að heyra kalaallisut talað, geturðu horft á kvikmyndina *Smilla's Sense of Snow* (1997) þar sem nokkur atriði í myndinni fara fram á kalaallisut. Myndin hlaut styrk frá Eurimages-sjóði Evrópuráðsins.



Opinbert tungumál Grænlands (kal. *Kalaallit Nunaat*) er grænlenska og því hefur hún ekki stöðu svæðisbundins tungumáls eða tungumáls minnihlutahóps. Samt sem áður ákváðum við að leyfa henni að fylgja með í bókinni, enda er hún heillandi og ólík öðrum tungumálum sem Lara hefur kynnst á ferðalögum sínum.

- 1 ataaseq
- 2 marluk
- 3 pingasut
- 4 sisamat
- 5 tallimat
- 6 arfnillit
- 7 arfineq-marluk
- 8 arfineq-pingasut
- 9 qulingiluat
- 10 qulit

©qqaatsit allassimasut ugguuna tusakkit >>>>

Mynd: bærinn Ilulissat í sveitarfélaginu Avannaata



# KARJALAN KIELI KRL

👤👤👤 20 000

Karelíska skiptist í þrjár mállýskur: vienakarelísku, suðurkarelísku og livvikarelísku. Orðin og orðastæðurnar á þessari síðu eru fengin úr livvikarelísku.

Kyllä

Muga

- 1 yksi
- 2 kaksi
- 3 kolme
- 4 nelli
- 5 viizi
- 6 kuuzi
- 7 seiččie
- 8 kaheksa
- 9 yheksä
- 10 kymmene

Kuibo  
dielot?

Terveh!

Passibo!

Hefur þú einhvern tíma heyrt minnst á mállýskusamfellu?

Karelíska er töluð á vissum svæðum í Finnlandi og í norðvestanverðu Rússlandi. Vissulega deilir karelíska mörgum einkennum með finnsku en er þó aðskilin frá finnskri tungu – enda hefur hún lagalega stöðu minnihlutamáls í Finnlandi.

Karelíska myndar mállýskusamfellu með finnsku. Talað er um mállýskusamfellu þegar mismunandi mállýskur (eða tungumál) eru gagnkvæmt skiljanlegar þegar þær eru talaðar nálægt mállýskumörkum. Þá búa þær yfir sameiginlegum eða líkum orðum og málfræði þeirra er svipuð. Því lengra sem farið er frá mállýskumörkunum, því ólíkari verða þær og á endanum hætta þær að vera gagnkvæmt skiljanlegar. Þetta sýnir okkur líka að oft getur verið erfitt að greina á milli tungumáls og mállýsku. Þónokkrar mállýskusamfellar fyrirfinnast í Evrópu, eins og komið verður nánar að síðar.



◀◀◀ Kuundele nämmä ezimerkit karjalakse

Mynd: viðarkirkja á Kizchi-eyju

ä

ö

š

č

ž

### Tungumál sem á erfða sögu að baki

Krímtataríska er tyrkískt tungumál sem hefur gengið í gegnum miklar umbreytingar sökum landvinningsstefnu annarra þjóða og aðstreymis ýmissa þjóðernishópa til svæðisins.

Krímtataríska hefur fyrir vikið verið skrifuð með hvorki meira né minna en fjórum mismunandi lettrum: með latnesku, kýrillísku, arabísku og forntyrknesku lettri.

Í kjölfar brottvísunar Krímtatara af sovésku yfirráðasvæði var lagt bann við rannsóknum á krímtatarísku sem olli því að tungumálið komst á heljarþröm. Finna má vísun í þessa atburði í sigurlagi Söngvakeppni evrópskrasjónvarpsstöðva árið 2016, 1944 í flutningi söngkonunnar Jamala sem keppti fyrir hönd Úkraínu. Til allrar hamingju hefur nýlega orðið endurvakning á tungumálinu sem nú er kennt víða í skólum á Krímskaga. Í dag er talið að það búi yfir 580.000 málhöfum.

Varast ber að ruglast á krímtatarísku og tatarísku sem, þrátt fyrir svipuð heiti, tilheyra mismunandi undirflokkum kipchak tyrkískra mála. Þó krímtataríska og tataríska séu að vissu leyti gagnkvæmt skiljanlegar er krímtataríska skyldari gagáisku (bls. 10) en tatarísku (bls. 9).

Evet


Yoq

Nasılsınız?

Selâm!

Sağ ol!

- |    |       |
|----|-------|
| 1  | bir   |
| 2  | eki   |
| 3  | üç    |
| 4  | dört  |
| 5  | beş   |
| 6  | altı  |
| 7  | yedi  |
| 8  | sekiz |
| 9  | doquz |
| 10 | on    |



Bu sözlerniñ sesini diñle >>>>





## Tungumál frásagnarinnar

Tataríska heyrir undir tyrkísku tungumálaættina og telur 8 milljón málhafa sem gerir hana eina af stærstu svæðisbundnu málunum í Evrópu. Hún er aðallega töluð í Tatarstan, en fyrirfinnst einnig í samfélögum Tatara í Finnlandi, Póllandi, Rúmeníu og Tyrklandi. Líkt og krímtataríska hefur tataríska notast við nokkur letur í gegnum tíðina: arabískt, kyrillískt og latneskt letur.

Talandi um tíðir – tataríska býr yfir sérstakri þáttíð sem gerir fólki kleift að lýsa á beinan hátt atburðum sem það tók ekki þátt í. Magnað, ekki satt? Tataríska er líka límingamál þar sem viðskeyti eru notuð eins og legókubbar til þess að leysa nýjar orðmerkingar úr læðingi. Þessir málfræðilegu eiginleikar gera málhöfum kleift að segja endalausar sögur!

Әйе

Юк

# TATAR TELE TT

👤👤👤 8 000 000



Ж

ә

ё

ң

ө

Хәлләр  
ничек?

Сәлам!

Рәхмәт!

- 1 бер (ber)
- 2 ике (ike)
- 3 өч (өб)
- 4 дүрт (dyrt)
- 5 биш (biş)
- 6 алты (altı)
- 7 жиде (zıde)
- 8 сигез (sigez)
- 9 тугыз (tuğız)
- 10 ун (un)



<<< Сүзләрнең әйтелешен тыңла!

Mynd: Sabantury, tatarísk þjóðhátíð

# GAG GAGAUZ

👤👤👤 150 000

Nâbıysin?

Selâm!

Saa ol!

Ölä

Diil  
(yok)

- 1 bir
- 2 iki
- 3 üç
- 4 dört
- 5 beş
- 6 altı
- 7 yedi
- 8 sekiz
- 9 dokuz
- 10 on

## Eitt tungumál, þrjú letur

Gagásíska er töluð af gagásísku þjóðinni og heyrir undir stærsta undirflokk tyrkísku málaættarinnar, ogúsmál, sem aserska, túrkmenska og tyrkneska tilheyra einnig.

Gagásíska er töluð á sjálfstjórnarsvæðinu Gagásíu í Moldóvu en er einnig töluð á landsvæðum innan Úkraínu, Rússlands og Tyrklands. Áhrifa málsambýlis gagásískrar tungu og annarra tungumála gætir ekki einungis þegar kemur að orðaforða, sökum mikils fjölda tökuorða, heldur einnig í sögu ritaðrar gagásísku. Líkt og með krímtatarísku og tatarísku er hægt að skrifa gagásísku með þremur mismunandi leturum: grísku, kyrillísku og latnesku lettri. Finnst þér það ekki ótrúlegt? Þannig er alltaf hægt að klæða orð og setningar í mismunandi „búninga“ sem eru allir með sinn eigin stíl!

ö

ê

ä

ț

i

ș

ü

Bu sözleri sesleyin >>>



Mynd: fiönluleikari á gagásískri þjóðhátíð

# KARAJ TILI KDR

80

## Tyrkískt tungumál og hebreska stafrófið mætast

Karaímska er tyrkískt tungumál sem talað er af samfélögum gyðinga. Hvernig stendur eiginlega á því? Þannig er mál með vexti að fyrsta karaímska fólkið til þess að setjast að í austanverðri Evrópu, n.t.t. á Krímskaga, átti rætur sínar að öllum líkindum að rekja til Gullnu hordunnar í Asíu. Síðar meir tók það upp gyðingdóm en hélt tyrkísku máli sínu og hefðum. Fram á 20. öld var karaímska því almennt rituð með hebresku lettri. Eftir að hafa sest að á Krímskaga tók karaímska fólkið að dreifa sér um austanverða Evrópu og settist að í Úkraínu, Póllandi og Litháen.

Áður fyrr gegndi karaímska fólkið í Litháen mikilvægu hlutverki sem verndarar kastalans á Trakai-eyju. Nú er kastalinn vinsæll viðkomustaður sem gefur karaímska fólkinu aukið færi á að halda tungumáli sínu, sem er í mikilli útrýmingarhættu, lifandi.



<<< Bu siožliarni tynlajynyz!

Mynd: kastalinn á Trakai-eyju

Nie bolas?  
Kiuń jachszy!  
Tabu étiam!

È  
Jo

č b' k' m' t' ü  
d' l' g' š ö  
è ž

- 1 bir
- 2 éki
- 3 üč
- 4 diort'
- 5 bieš
- 6 alty
- 7 jedi
- 8 siegiž
- 9 tohuz
- 10 on

# SC SARDU

👤👤👤 1 200 000

Sardínska býr yfir fjölmörgum mállýskum. Orðin og orðastæðurnar á þessari síðu eru tekin úr kámpíðönsku mállýskunni sem töluð er á suðurhluta eyjarinnar.

eja

no

Cumenti stais?

Saludi!

Gratzias!

- 1 unu
- 2 dus
- 3 tres
- 4 patru
- 5 cincu
- 6 ses
- 7 seti
- 8 otu
- 9 noi
- 10 dexi

Langar þig að eiga samræður á fornrómversku?

Þú kemst næst því markmiði með því að læra sardínsku! Sardínska er töluð á eyjunni Sardiníu og hefur haldið fastar í rætur sínar en önnur rómönsk tungumál. Talið er að af núlifandi rómönskum málum sé hún skyldust forvera þeirra, latínu. Það er þó áhugavert að merkja að ítalskir málhafar eiga erfitt með að skilja sardínsku þrátt fyrir sameiginlegan uppruna málanna tveggja.

Að kámpíðönsku mállýskunni (srd. sardu campidanese) undanskilinni hefur málhöfum sardínsku farið fækkandi á síðastliðnum árum sem einna helst má rekja til grósku ítölskunnar. Sökum þessa undanhalds hefur myndast ríkiviðleitni í samfélaginu til að staðla sardínsku og efla þar með og styrkja tungumál eyjarinnar.



á

é

í

ó

ú

à

è

ì

ò

ù

Ascuta su sonu de custus fueddus >>>>

Mynd: Li Cossi ströndin á Sardiníu



# FRANCO-PROVENÇAL FRP

👤👤👤 140 000

Comèn te  
reste?

Tchao!

Mersi!


Ouè

Na

- 1 on
- 2 dou
- 3 trî
- 4 cattro
- 5 hinc
- 6 chouï
- 7 satte
- 8 ouètte
- 9 noou
- 10 guî

*Hvað leynist mitt á milli frönsku og ítölsku?*

*Það er mýta að arpitanska sé einfaldlega sambland af staðlaðri frönsku og oksitönsku mállýskunni provençal (sjá næstu síðu), heldur er hún eitthvað mun meira! Hægt væri að lýsa arpitönsku sem mósaík af rómverskum málum sem töluð eru á ákveðnum svæðum Ítalíu, Frakklands og Sviss. Vegna þess hve dreifð arpitanska er, hefur hún einnig verið kölluð Franco-Provençal og Patois. Í raun skiptir nafnið miklu máli, ekki síst þegar kemur að því að blása nýju lífi í málið og láta það hljóta viðurkenningu sem sjálfstætt mál, en ekki einungis sem frönsk eða oksitönsk mállýska.*



←←← Acoutta lo sòn di paròlle qui chouyón

Mynd: skíðagarpar nálægt Hvítfjalli, hæsta fjalli Alpanna.

# OC OCCITAN

👤👤👤 600 000

Orðin og orðastæðurnar á þessari síðu eru á lengadoskri (oc. lengadocian) mállýsku sem töluð er í strjálbýli. Vegna þess hve miðlæg hún er m.t.t. annarra oksítanskra mállýskna er hún oft notuð sem grunnurinn fyrir staðlaða oksítönsku.

## Tungumál trúbadoranna

Trúbadorar voru (tón)skáld sem ferðuðust um Evrópu á miðöldum og dreifðu þar með máli sínu í gegnum söngva og ljóð. Margir þeirra skrifuðu og sungu á oksítönsku, sem átti eitt sinn mikil ítök innan Evrópu, sér í lagi á suðurhluta Frakklands, en einnig á Ítalíu og Spáni. Segja má að hún hafi verið tungumál listaheimsins þar sem mörg mikilvægra ritverka þessa tíma voru skrifuð á oksítönsku.

Með tíð og tíma byrjaði þó fleira og fleira fólk að tala frönsku, tungumál ríkisrekinnna stofnanna, sem olli því að oksítanska missti ítök sín og varð minna áberandi. Nú á dögum vinna málhafar oksítönsku ötullega að því að halda máli sínu sem er í viðkvæmri stöðu, lifandi. Þó ber að geta þess að ein oksítönsk mállýska, araneska (oc. aranés), er opinbert tungumál í sýslunni Val d'Aran á sjálfstjórnarsvæðinu Katalóníu á Spáni. Í borginni Bayonne í Frakklandi eru götuskilti á þremur málum: frönsku, oksítönsku og basknesku. Þannig eiga málhafar allra þriggja málanna að geta ratað í Bayonne.

Cossí vas ?

Bonjorn !

Mercé !

òc

non

ò

à

è

é

á

ó

ï

ú

ü

í

ç

- 1 un
- 2 dos
- 3 tres
- 4 quatre
- 5 cinc
- 6 sièis
- 7 sèt
- 8 uèch
- 9 nòu
- 10 dètz

Escotatz lo son d'aqueles mots >>>



# WALON WA

👤👤👤 600 000

- 1 eune
- 2 deûs
- 3 treûs
- 4 cwate
- 5 cinq
- 6 sîh
- 7 sèt'
- 8 ût
- 9 nouv'
- 10 dîh

Kimint  
alez-v' ?

Bondjoû !

Mèrci !

awè

nèni

à

å

â

é

ë

è

ô

î

ö

ç

ê

û

ì

ù



<<< Houêtez kimint qu'on dit tos cès mots-là

Gætu sviðslistir og þjóðsögur stuðlað að björgun þessa tungumáls?

Internetið, sjónvarp eða leikhús geta verið drifkrafturinn sem leynist bak við útbreiðslu tungumáls og þar með tryggir að það haldi lífi. Kannski gæti þetta átt við um vallónsku! Vallónska er rómanskt tungumál skylt frönsku og picard og er töluð í Vallóníu í sunnanverðri Belgíu.

Andspænis frönsku stendur vallónska höllum fæti, en hér gæti leiklistin komið henni til bjargar. Það eru nefnilega um 200 leiklistarhópar sem setja upp sýningar á vallónsku og árlegir áhorfendur þeirra telja um 200 þúsund manns. Með því að hafa leiksýningar á vallónsku eru þær ekki einungis uppspretta skemmtunar, heldur stuðla þær jafnframt að eflingu og varðveislu tungumálsins og menningarinnar. Þannig getur fólk komist nær málinu óháð aldri, bæði leikarar og áhorfendur. Einnig skipa svæðisbundnar hefðir, s.s. kjötkeðjuhátíðir og annar fagnaður, mikilvægan sess í endurvakningu vallónsku. Við skulum vona að þetta muni blása nýju lífi í vallónsku svo að hún njóti aftur hylli!

Mynd: stytta í borginni Dinant í Vallóníu af Adolphe Sax sem fann upp saxófóninn

# PCD PICARD

👤👤👤 700 000

wé

nan

- 1 in
- 2 deus
- 3 tros
- 4 quate
- 5 chonq
- 6 sich
- 7 siète
- 8 huit
- 9 neu
- 10 dich

Cha vo ti ?

Hé ti-lo !

Merchi  
gramint !

Segðu „Hé ti-lo !“ við systkin frönskunnar

Vallónska sem við kynntumst áðan er ekki eina tungumálið sem er skylt frönsku. Annað náskylt tungumál er picard. Þrátt fyrir að orðaforðanum svipi ekki mikið til frönsku og að mörg orðasambönd sem fyrirfinnast í picard fyrirfinnast ekki í frönsku eiga málin samt margt sameiginlegt sem gerir það að verkum að frönskum málhöfum finnst það samtímis nálægt og fjarlægt sínu eigin máli. Ásamt staðlaðri frönsku, vallónsku og fleiri tungumálum er picard hluti af langues d'oïl 'oïl-tungumál' sem mynda mállýkusamfellu í norðurhluta Frakklands og í Belgíu. Nafn mállýkusamfellunnar er dregið af orðinu oïl sem þýðir 'já'.

Önnur áhugaverð staðreynd er að á miðöldum var picard talað af hirð Flanders-sýslu sem heyrði þá undir Hið heilaga rómverska ríki.

Í ljósi tignarlegrar fortíðar hennar standa vonir okkar til þess að framtíð picard verði ekki síður glæst.



ÿ

é

û

æ

ê

è

ô

ç

â

î

ä

œ

ï

Acoute kmint qu'in prononche ches mots-lo >>>>

Mynd: char à voile (seglhjól) í Frakklandi





# BREZHONEG BR

👤👤👤 210 000

Penaos 'mañ kont?

Demat!

Trugarez!

- 1 unan
- 2 daou
- 3 tri
- 4 pevar
- 5 pemp
- 6 c'hwec'h
- 7 seizh
- 8 eizh
- 9 nav
- 10 dek

*Keltneskar leifar á meginlandi Evrópu*

*Vissir þú að eitt keltneskt mál lifir enn á meginlandi Evrópu? Það er bretónska, sem er töluð á Bretaníuskaga í norðanverðu Frakklandi. Þetta gerir það að verkum að bretónska er svolítið sér á báti.*

*Bretónska er skyld kornísku og velsku. Í raun kom tungumálið til skagans með fólksflutningum þegar móðurmálshafar keltneskra mála fluttust búferlum þangað frá Stóra-Bretlandi á ári miðöldum.*

*Skemmtileg staðreynd um bretónsku er að fyrsta orðabókin sem gefin var út í Frakklandi, Cathlicon (1499), var á þremur málum: frönsku, latínu og bretónsku.*

*Bretónska hefur haldið í mörg sérkenni sín og er enn í notkun. Ef þú ferðast á bretónskar slóðir er því tilvalið að þú takir þér tíma milli þess sem þú gæðir þér á ljúffengum crêpes, til þess að læra nokkrar setningar á bretónsku.*

ya

ket

ñ

ù

â

ê

î

ô

û

ü



<<< Selaouit son ar gerioù-mañ

Mynd: crêpes eru bretónskar pönnukökur sem hafa dreifst ekki einungis um Frakkland, heldur um heim allan.

# KW KERNEWEK

0 | 570

*Korníska, líkt og Manar-gelíska, skosk gelíska og írská býr hvorki yfir orði fyrir 'nei' né 'já'. Þess í stað þurfa málhafar kornísku að nota tilheyrandi sagnir til þess að neita eða jánka einhverju.*

- 1 onan
- 2 dew
- 3 tri
- 4 peswar
- 5 pymp
- 6 hwegh
- 7 seyth
- 8 eth
- 9 naw
- 10 deg



Fatla  
genes?  
Dydh da!  
Meur ras!

## Korníska: úr geirfugli í fönix

Gott dæmi um tungumál sem gefið var nýtt líf er korníska sem eitt sinn var töluð að staðaldri í Cornwall-sýslu á Stóra-Bretlandi. Í þá tíð voru keltnesk tungumál töluð víða um Evrópu, allt frá Bretlandseyjum til Dónárdalsins, af mismunandi keltneskum þjóðflokkum. Flest þessara mála dóu að endingu út þar sem málhafar þeirra hófu að tala önnur mál í nágrenni sínu. Korníska stefndi í sömu átt og féll úr notkun þegar málhafar hennar tóku upp ensku.

Við lok 20. aldarinnar varð þó breyting á er málfarslegir aðgerðarsinnar hófu baráttu fyrir endurreisn kornbresku. Ætlunarverk þeirra tókst og í dag er korníska kennd í skólum og töluð af Kornbretum sem annað mál. Þetta minnir á annað tungumál manx (bls. 21), sem einnig má líkja við fönix sem hefur risið úr öskunni.

Goslowgh orth son an geryow ma >>>

Mynd: strandleið nálægt Gunwalloe-vík í Cornwall



Ciamar a  
tha thu?

Latha  
math!

Tha mi  
gu math!

- 1 aon
- 2 dhà
- 3 trì
- 4 ceithir
- 5 còig
- 6 sia
- 7 seachd
- 8 ochd
- 9 naoi
- 10 deich

à

ì

è

ò

ù



←←← Éistibh ri fuaimen nam faclan

Mynd: reipitog á hálendisleikum í þorpinu Fochabers í Skotlandi

**Skosk gelíska, tungumál hins forna konungsríkis Ölbú og nærri því Kanada!**

Í kringum 1850 var skosk gelíska orðin að þriðja mest talaða tungumáli Kanada. Árið 1890 lagði Thomas Robert MacInnes fram frumvarp sem kvað á um að nota mætti skoska gelísku í opinberum málaferlum, en því var hafnað. Ímyndaðu þér ef frumvarp hans hefði verið samþykkt. Þá hefði skosk gelíska ef til vill verið töluð á götum úti í Nova Scotia (Nýja-Skotlandi).

En spólum aðeins til baka. Hvað er eiginlega skosk gelíska? Hún á sér forna sögu og kom til Skotlands með fólksflutningum frá Írlandi fyrir um 1500 árum. Gelíska dreifðist síðan um landið og varð ríkismál forna konungsríkisins Ölbú (Alba er gelíska orðið sem notað er um Skotland) allt fram á 11. öld. Í dag búa um 90.000 manns yfir einhverri hæfni í skoskri gelísku.

# SCO SCOTS

👤👤👤 99 000 | 1500 000

Hoo's it  
gauin?

Hullo!

Thank ye!

## Dae ye talk Scots?

Á meðan gelíska var ríkjandi mál á skosku hálöndunum og skosku eyjunum, var skoska töluð á skosku láglöndunum. Einnig má geta þess að ulsterskoska sem töluð er sums staðar á Norður-Írlandi er náskyld skosku.

„Wee“ er orð sem er mikið notað í daglegu tali og er því orðið hluti af skoskri menningu og sjálfsímynd Skota. „Wee“ er yfirlett notað til þess að tilgreina ef eitthvað er smátt, en getur jafnframt gefið í skyn hlýleika í garð einhvers. Til dæmis gæti foreldri sagt við barn sitt „Come here, wee yin“ ‘komdu hingað, litla skinn’. Einnig gæti málhafi sagt við vin sinn „Hoo's it gaun, wee man?“ ‘Hvernig gengur, litli félagi?’ og gefið þannig vinarþel í skyn.

- 1 ane
- 2 twa
- 3 three
- 4 fower
- 5 five
- 6 sax
- 7 seeven
- 8 echt
- 9 nine
- 10 ten

aye

naw

Listen tae the soond o thir words >>>>

Mynd: skoskur sekkjapípuleikari klæddur þjóðbúningi í Edinborg



**Endurlífgað tungumál lítillar eyju**

Manx eða Manar-gelíska var eitt sinn aðalmál eyjarinnar Manar sem er milli Stóra-Bretlands og Írlands. Á 19. öld sneri gæfan þó baki við manx þar sem eyjarskeggjar tóku að líta á ensku sem tungumál viðskipta og farsældar sökum ferðamannastraums frá Englandi. Þetta olli því að Manar-gelíska lét undan. Einungis 1.1% íbúa töluðu hana á þriðja áratug tuttugustu aldar.

Ekki leið þó á löngu þar til hópur fólks tók sig saman og stóð að björgunarátaki tungumálsins. Úr því varð að á síðari hluta fimmta áratugs tuttugustu aldarinnar voru gerðar upptökur af síðustu móðurmálshöfum manx auk þess sem bækur voru gefnar út í þeim tilgangi að kenna málið og námskeið voru í boði til þess að læra málið. Á tíunda áratugnum var hafist handa við að kenna manx í grunnskólum og reynt var að stuðla að notkun málsins í daglegu lífi almennings. Í dag er sífellt fleira fólk sem lærir Manar-gelísku sem annað mál og sem heldur málinu lifandi fyrir komandi kynslóðir. Það er svolítið magnað, finnst þér ekki?


Kys t'ou?

Laa mie!

Gura mie ayd!

Manx, líkt og korníska og skosk gelíska, býr hvorki yfir orði fyrir 'nei' né 'já'. Því getur svarið við „Fóru þau heim?“ verið annað hvort „[þau] fóru“ eða „[þau] fóru ekki“, eða á manx: „Jagh d dy valley?“ „Hie“ / „Cha jagh“.

- 1 nane
- 2 jees
- 3 tree
- 4 kiare
- 5 queig
- 6 shey
- 7 shiaght
- 8 hoght
- 9 nuy
- 10 jeih



<<< Eaisht rish sheean ny focklyn shoh

Mynd: viti á Mön

# STH SHELTA / DE GAMMON

👤👤👤 50 000

- 1 ain / awárt
- 2 od
- 3 sikr
- 4 sakar
- 5 sukur
- 6 see
- 7 seltu
- 8 od'sakar
- 9 ayen
- 10 tal a get'ah

Grält'a!

Cain a  
geels?

Maa'ths!

Stés

Ní Déis

## Flökkutungumál Írlands

Shelta eða De Gammon er tungumál talað af írskri flökkubjóð, 'Rilantu Mincéirí. Það er dæmi um eins konar dulmál sem þróaðist sem tjáskiptamáti út frá þörfinni til að utanaðkomandi aðilar myndu ekki skilja samtalið. Í málinu búa írsk gelísk og ensk einkenni auk einkenna annarra tungumála. Þessi blanda er sérstök að því leyti að orðaforðinn er mestmegnis írskur að uppruna á meðan málfræðin byggist einkum á enskri málfræði.

Áhugavert er að shelta býr yfir langri munnmælahefð og hefur lengi varðveist í munnlegri geymd. Orðið „shelta“ þýðir 'rödd á (tilfinningalegri) hreyfingu', finnst þér það ekki falleg lýsing á tungumáli? Shelta bjó ekki yfir neinu ritmáli þar til nýverið sem gerði það að verkum að erfitt var fyrir fólk að rannsaka og skrá niður upplýsingar um málið. Þess vegna er margt á huldu um uppbyggingu og sögu tungumálsins. Á næstu blaðsíðu geturðu lesið um annað „dulmál“.

Glóri a grolan a'gresko >>>

Mynd: lundi við Írland



# JENISCH YEC

👤👤👤 16 000

Til eru fjölmargar jenískar mállýskur í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Orðin og orðastæðurnar á þessari síðu eru tekin úr frankneskri jenísku sem töluð er í Þýskalandi.

Hauerscht  
gwand?

Gwandâ  
Schein!

I'h  
bederch mi'!

- 1 alet
- 2 zwis
- 3 triwas
- 4 dohlet
- 5 keh
- 6 woof
- 7 sojin
- 8 keß
- 9 deß
- 10 juhs

Tungumál þýskumælandi götuhátíða og markaða

Jeníska, eða Jenisch, hefur stöðu minnihlutatungumáls í Sviss. Eitt sinn var það þó, líkt og Shelta, eins konar dulmál sem notað var innan hefðbundinna jenískra stétta, s.s. meðal koparsmiða, handverkafólks og götulistafólks. Ef þú hefðir mætt fjöllistafólki á þessum slóðum fyrir einni eða tveimur öldum er ekki ólíklegt að það hefði talað jenísku.

Eins og með önnur dulmál var jeníska ekki þróuð til þess að auðvelda samskipti við annað fólk, heldur einmitt til þess að koma í veg fyrir skilning. Í raun var viðhorfið gagnvart jenísku almennt fremur neikvætt og litið var á hana sem tungumál samningaþófs og loddaraskapar. En fyrir þessu viðhorfi var enginn fótur. Jeníska er mun meira en bara dularfullt tungumál: það er flókið og býr yfir einstökum orðaforða sem er byggður á þýsku en tekur einnig orð úr öðrum málum að láni.

wui

nowas

<<< Lohs wi' di' Diewerei schallt

Mynd: fjöllistamaður að sýna listir sínar í Köln



# NDS PLATTDÜÜTSCH

👤👤👤 70 000

Lágbýska skiptist í margar mállýskur. Orðin og orðastæðurnar á þessari blaðsíðu eru tekin úr austur-frísneskri lágbýsku sem má segja að sé norður-neðrisaxneskt málbrigði.

ja

nee

- 1 een
- 2 twee
- 3 dree
- 4 veer
- 5 fiev
- 6 sess
- 7 söven
- 8 acht
- 9 negen
- 10 teihn

Wo geiht di dat?

Moin!

Bedankt!

## Önnur germanska hljóðfærslan

Önnur germanska hljóðfærslan átti sér stað fyrir meira en 1000 árum. Hún hafði gífurleg áhrif á þýsk orð og framburð þeirra. Meðal þess sem hljóðfærslan fól í sér var að /p/ varð að /f/ og /k/ varð að /x/.

Allar þýskar mállýskur sem talaðar voru sunnan við Benrather-mállýskumörkin, sem teygðu sig úr vestri til austurs yfir norðanvert Þýskaland, fóru í gegnum þessa hljóðfærslu. Lágbýska (lp. Plattdüütsch) fór hins vegar ekki í gegnum hana. Þess vegna eru orð á lágbýsku enn borin fram eins og þau voru fyrir aðra germönsku hljóðfærsluna.

Sem dæmi má nefna að lágbýska orðið fyrir hest, Päerd, er Pferd á þýsku og sögnin að elda, koken, er kochen á þýsku. Þú tekur kannski eftir því að koken er ekki alls kostar ólík ensku sögninni to cook. Þetta stafar af því að enska er germanskt mál og þó hún hafi ekki gengið í gegnum umrædda hljóðfærslu varð hún fyrir áhrifum annarrar hljóðfærslu, stóru sérhljóðabreytingarinnar, milli 15. og 18. aldar. Eins og með svo margt annað í lífinu eru tungumál sífellt að þróast og taka breytingum!



ß

ö

ä

ü

Höör, wo disse Woorden klingen >>>

Mynd: fiskibátar í fjöru í þorpinu Dorum-Neufeld í Neðra-Saxlandi





# SERBŠĆINA WEN

👤👤👤 20 000

Sobneska skiptist annars vegar í efri sorbnesku og hins vegar neðri sorbnesku. Orðin og orðastæðurnar á þessari blaðsíðu eru tekin úr efri sorbnesku.

Kak so wjedže?

Witaj!

Džakuju so!

- 1 jedyń
- 2 dwaj
- 3 tři
- 4 štyri
- 5 pjeć
- 6 šěść
- 7 sydom
- 8 wosom
- 9 dźewjeć
- 10 dźesać



Haj

Ně



<<< Słuchaj, kak tute słowa klinča

Mynd: Rakotzbrú í bæjarfélaginu Kromlau

Tvær slavneskar tungur sem eiga heimkynni í Þýskalandi

Smæsta slavneska þjóðin eru Sorbarnir (ekki líkamlega, þó!). Sorbar búa í Þýskalandi og tala eigið tungumál, eða öllu heldur tvö tungumál. Sorbneska er mestmegnis töluð í Lausitz, þar sem Brandenburg (neðri sorbneska) og Saxland (efri sorbneska) eru. Sorbneska stafrófið byggir á latneska stafrófinu, en nokkrum stöfum með yfirsettum stafmerkjum og einum staf með miðsettu stafmerki hefur verið skeytt við til þess að aðlaga stafrófið betur að sorbnesku hljóðkerfi. Áhugavert er að í sorbnesku er notast við tvítölu. Þá skiptir máli hvort verið sé að tala um nákvæmlega tvær manneskjur eða fleiri en tvær manneskjur. Ef til vill er sorbneska tilvalið mál fyrir þör!

Sorbneska býr yfir langri og áhugaverðri sögu sem felur í sér ævintýri, þjóðsögur, hefðir, lög og þjóðbúninga. Því miður er það svo að sífellt færri einstaklingar tala sorbnesku. Nú eru hafnar tilraunir til þess að efla og styrkja tungumálið og vonandi kemst það aftur á skrið.

ě

č

ó

ć

ł

ř

ń

í

ś

š

ź

ż

# CSB KASZĚBSCZI JÄZĚK

👤👤👤 108 000

Cěž je kòl  
ce częc?

Witòj!

Dzãka!

Jo

Nié

ą

ã

ô

ó

ù

é

ë

ń

ż

ò

ń

ł

- 1 jeden
- 2 dwa
- 3 trzë
- 4 sztërë
- 5 piãc
- 6 szesc
- 7 sédem
- 8 òsem
- 9 dzewiãc
- 10 dzesãc

## Svæðisbundið tungumál í Póllandi

Þó henni svipi mjög til pólsku, býr kassúbíska yfir ýmsum einkennum sem gera hana sérstaka. Sem dæmi má nefna að kassúbíska geymir mörg orð sem rekja uppruna sinn til frumslavensku, orð sem nútímapólska hefur glatað. Einnig inniheldur hún mörg tökuorð úr þýsku. Hægt er að skoða stafina hér til vinstri og bera þá saman við pólska stafi til þess að sjá betur muninn á málunum tveimur. Kassúbíski þjóðflokkurinn og menningarhópurinn hefur þróað með sér rithefð og aðrar menningarhefðir sem hafa eftir kassúbíska tungu. Ein kassúbísk þjóðsaga greinir frá því hvernig risar, sem nú séu á bak og burt, hafi mótað landslag héraðsins.

Á undanförunum áratugum hefur skapast mikil viðleitni til að endurvekja kassúbíska tungu. Í dag er málið verndað lögum samkvæmt í Póllandi sem eina svæðisbundna tungumál landsins. Það kemur fyrir í ýmsum listgreinum, s.s. bókmenntum og tónlist, en er ekki síður sýnilegt í fjölmiðlum og, það sem má telja mikilvægast af öllu, í skólakerfinu. Í tugum skóla í Póllandi læra börn kassúbísku. Síðan 2005 hefur staðið til boða að þreyta framhaldsskólapróf á kassúbísku. Einnig eru bækur og tímarit gefin út á kassúbísku og hægt er að fylgjast með héraðsbundnum útvarps- og sjónvarpsstöðvum á málinu.

Slëchòj, jak brzëmia te słowa >>>



Mynd: kassúbískt raf myndað úr steingerðri trjákvöðu sem er vel þekkt fyrir gæði sín og einstakt litróf

Tvær stærstu mállýskur jiddísku eru hefðbundin jiddíska og nýhasidísk jiddíska. Orðin og orðastæðurnar á þessari blaðsíðu eru tekin úr hefðbundinni jiddísku.

### Germanskt tungumál og hebreska stafrófið mætast

Jiddíska er germanskt tungumál ritað með hebreskum stöfum. Sérkennilegt, ekki satt? Hvernig stendur eiginlega á því? Í aldaraðir bjuggu gyðingleg samfélög í miðlægri og austanverðri Evrópu og lærðu þarlend tungumál. Þau löguðu tungumálin að sínum þörfum, rituðu með hebresku lettri og bættu hebreskum orðum við. Smátt og smátt leiddi þetta til þess að jiddíska varð að sjálfstæðu tungumáli. Þegar jiddískir málhafar fluttu á aðrar slóðir blönduðust orð og jafnvel málfræði annarra mála, s.s. slavneskra, við jiddísku.

Í dag er jiddíska töluð í sumum hlutum Ísraelsríkis, Bandaríkjanna og Rússlands. Á streymisveitunni Netflix er hægt að horfa á þættina Unorthodox sem fjalla um jiddískumælandi samfélag í New York. Mögulegt er að þýskumælandi fólk skilji einhver orð og jafnvel heilar setningar á jiddísku vegna líkindanna á milli málanna. Það er áhugavert að velta fyrir sér öllum stöðunum sem jiddíska hefur ferðast til, öllum málunum sem hafa verkað á einhvern hátt á hana sem og málum sem hafa orðið fyrir áhrifum hennar. Í dag er jiddíska vernduð sem svæðisbundið mál eða mál minnihlutahóps í hvorki meira né minna en 8 löndum í Evrópu!



◀◀◀ Listen to the sound of these words

Mynd: beyglur rekja uppruna sinn til gyðinglegra samfélaga í Póllandi

# YIDISH-TAYTSH YI

👤👤👤 1 500 000

יא  
Yo!

ניין  
Neyn!

- 1 סנייא (eyns)
- 2 ייווצ (tsvey)
- 3 יירד (dray)
- 4 ריפ (rif)
- 5 פינף (finf)
- 6 סקעז (zeks)
- 7 זיבז (zibn)
- 8 טכא (akht)
- 9 ניינ (nayn)
- 10 טענע (tsen)

וואָס מאַכסטו?  
Vos makhstu?

שלום-עליכם  
Sholem aleykhem

דאַנק/ש'כּוּחַ  
A dank!



# LAD DJUDEOESPANYOL

888 51 000

קומו סטאס?

Komo stas?

בואין דיאה

Buen Dia!

מירסי מוג'ו

Mersi Mucho!

- 1 אונו (uno)
- 2 דוס (dos)
- 3 טרי (tres)
- 4 קואטרו (kuatro)
- 5 סינקו (sanko)
- 6 שיש (sesh)
- 7 סייטי (syete)
- 8 אוג'ו (ocho)
- 9 מואיב'י (mueve)
- 10 דייס (dyes)

נו

Si!

סי

No!

## Spænska 15. aldarinnar fönguð í heimi nútímans

Árið 1492, sama ár og Columbus er sagður hafa „uppgötvað“ Ameríku, neyddi spænska kongungsveldið sefaríska gyðinga til að yfirgefa heimaland sitt, Spán. Að endingu fluttust þeir til landa fyrrum Ottómanveldsins, þ.e. á Balkanskagann og til Tyrklands auk annarra landa í Mið- og Austur-Evrópu, Vestur-Asíu og Norður-Afríku, og síðar til Bandaríkjana, Suður-Ameríku og Ísraels. Þetta samfélag færði með sér eigið tungumál, ladínó, sem er einnig þekkt undir nafninu gyðingaspænska. Í dag eru málbrigði ladínó töluð innan sefarískra samfélaga í yfir 30 löndum og eiga það öll sameiginlegt að notast við hebreskt letur.

Ladínó hefur að geyma leifar af spænskri tungu eins og hún var töluð á 15. öld ásamt því að bera ummerki tungumálanna sem voru töluð á þeim svæðum þar sem sefarísk samfélög mynduðust á sínum tíma. Skemmtilegt er að greina frá því að tungumál sem svipar til spænskunnar sem var töluð á tíma Cervantes er enn í dag talað á ýmsum svæðum, s.s. í Ístanbúl, Þessalóníku, Sarajevó, New York og Jerúsalem. Ladínó er því nútímatungumál sem heldur fast í fornar rætur sínar.

Ascoltar bien alton de esas palabras >>>

Mynd: Haggadah-rit Sarajevóborgar, mikilvægt gyðinglegt rit sem er geymt í Þjóðminjasafni Bosníu-Hersegóvínu.





- 1 un
- 2 dos
- 3 tres
- 4 cuatro
- 5 cinco
- 6 seyes
- 7 siete
- 8 ochu
- 9 nueve
- 10 diez

*Si*

*Non*

*Comu tás?*

*Hola!*

*Gracies!*

# ASTURIANU AST

110 000



ú ó ñ é á í



## Hnignun og uppgangur astúrisku

Í drjúga stund gegndi astúriska stöðu samskiptamáls yfir viðfeðmt svæði á Spáni sem náði frá Astúríu til Extremadúra. Astúriska er þó bara eitt af mörgum tungumálum sem voru í notkun á miðöldum á Íberíuskaganum. Spánn var að endingu sameinaður í eitt konungsveldi í stað nokkurra smárra konungdæma sem hafði í för með sér að þjóðin þurfti að tala eitt sameiginlegt tungumál. Þetta olli því að tungumál eins og astúriska lutu í lægra haldi fyrir (kastillískri) spænsku. Sem betur fer hefur áhugi á astúrisku aukist upp á síðkastið og hafa sífellt fleiri skólar boðið upp á kennslu í málinu.

Á kortinu hér til hægri er hægt að skoða hin ýmsu tungumál sem voru töluð á Íberíuskaganum í kringum árið 1250. Flettu blaðsíðunni til þess að læra meira um eitt þessara mála.

<<< Oyéi'l soníu d'estes frases

Mynd: Farinato-keppnin í Gijón í sjálfstjórnarhéraðinu Astúríu

# AN ARAGONÉS

👤👤👤 11 000

- 1 uno
- 2 dos
- 3 tres
- 4 cuatro
- 5 cinco
- 6 seis
- 7 siete
- 8 ueito
- 9 nueu
- 10 diez

Sí

No

Qué tal plantas?

Ola!

Gracias!

Grísk ritverk á forvitnilegu tungumáli

Aragónska var eitt sinn töluð í þáverandi kongungsríkinu Aragóníu á norðversturhluta Íberíuskagans. Hún var tungumál menningar, stjórnsýslu og daglegs lífs. Þökk sé ljóðatextum og öðrum ritum sem varðveist hafa á aragónsku getur málvísindafólk rannsakað hana árhundruðum eftir fall konungsríkisins Aragóníu. Johan Ferrández D'Heredia hóf þegar á 14. öld að þýða grísk öndvegisrit yfir á aragónsku.

Í dag eru málhafar aragónsku 11 þúsund talsins í sjálfstjórnarhéraðinu Aragóníu í dölum aragónsku Pýreneafjallanna. Þrátt fyrir tiltölulega lítinn fjölda málhafa vinna meðlimir aragónska málsamfélagsins ötullega að því að halda málinu á lofti og berjast fyrir viðurkenningu þess í menntakerfinu.

Year 2000



á

ñ

é

í

ó

ú

Siente o soniu d'istas frases >>>>

Mynd: Furco-gljúfrið í Aragóníu



- 1 un
- 2 dois
- 3 tres
- 4 cuatro
- 5 cinco
- 6 seis
- 7 seti
- 8 oitu
- 9 novi
- 10 de

Comu estás?

Hola!

Gracias!

Sí

Non

## Galisískt-portúgalskt tungumál í Extremadúra

Segja má að saga tungumálsins fala náí aftur til 12. og 13. aldar þegar galisískt fólk settist að í Jálama-dal í norðvesturhluta héraðsins Cáceres á Spáni. Í dag hýsir þetta svæði öflugt málsamfélag sem telur um 4000 manns. Að meðtöldu fólki sem býr utan þessa málsvæðis telur fala ríflega 10.000 málhafa.

Fala er aðallega talað í þremur bæjum Jálama-dals nálægt landamærum Portúgals. Skapast hefur mikil viðleitni til þess að vekja áhuga almennings á málinu og að koma því inn í menntakerfið. Til þess að renna stoðum undir þessi markmið var vísindanefnd sett á laggirnar sem á að vinna að því að staðla ritmál fala og færa málið þannig úr því að varðveitast fyrst og fremst í munnlegri geymd í að varðveitast bæði í ræðu og riti. Ef þér gefst tækifæri til að ferðast til sveitarfélaganna Valverde del Fresno, Eljas eða Sa Martín de Trevellu mun þér áreiðanlega hlotnast sú gæfa að heyra þetta fallega og leyndardómsfulla mál á götum úti.



◀◀◀ Escuta o suiu de estas frases

Mynd: gata í Sa Martin de Trevellu í sjálfstjórnarhéraðinu Extremadúra

# BÓJÁS

👤👤👤 ~150 000

*Pó bójá sé að mestu varðveitt í munnlegri geymd á það sér mótað ritmál í Ungverjalandi og Króatíu. Orðin og orðastæðurnar á þessari blaðsíðu eru skrifuð í samræmi við ungverskan ritstaðal.*

Dá

Nu

- 1 unu, uná
- 2 doj, dauă
- 3 trij
- 4 pátru
- 5 sjinsj
- 6 sásză
- 7 sáptyé
- 8 opt
- 9 nauă
- 10 zesjé



Kum jésty?

Bună zuă!

Mulcumészck!

## Fornlegur gimsteinn rúmenskrar tungu

Bójás er forneskjulegt málbrigði rúmensku sem talað er í bójásiskum samfélögum í Rúmeníu, Ungverjalandi, Serbíu, Króatíu, Búlgaríu og víðar. Þegar bójásiskir þjóðflokkar fluttust á milli landa, varð tungumál þeirra fyrir áhrifum frá málunum sem voru töluð þar, s.s. ungversku og króatísku. Þetta hafði m.a. þau áhrif að þjóðin heitir mismunandi nöfnum í mismunandi löndum, s.s. beás í Ungverjalandi, Banjaši í Króatíu og Rudari í Búlgaríu. Merking orðsins Rudari er 'málmur', 'málmgrýti' og vísar til þess að þessi þjóð gegndi hlutverki námuverkafólks og gullgrafara að fornu.

Þrátt fyrir að málhöfum fari fækkandi hefur milliríkjasamstarf komist á með það að markmiði að stuðla að varðveislu málsins. Í Króatíu fer kennsla í bójás fram í þremur skólum og í Ungverjalandi er hún kennd allt upp á háskólastig. Austurríska vísindaakademían er búin að setja á fót samstarf við bójásíska samfélagið í Vín og svipað er uppi á teningnum í Serbíu.

Punyé uretyé lá vorbilyestyé! >>>

Mynd: lítil hús við Bokod-vatn í Ungverjalandi





# РУСИНСЬКИЙ ЯЗЫК RUE

👤👤👤 624 000

## Brú milli austurslavneskra og vesturslavneskra mála

Rúpeníufólk hefur lifað um aldaraðir í námunda við Karpatafjöll sem teygja sig frá Tékklandi til Rúmeníu og þannig búið í návígi við bæði austur- og vesturslavnesk málsamfélög. Af þessum sökum er stundum vísað til þess að tungumál þeirra, rúpenska, eða öllu heldur rúsínska, brúi bilið í slavnesku tungumálaættinni milli austur- og vesturslavneskra mála. Rúsínska býr yfir málfræðilegum eiginleikum sem fyrirfinnast bæði í austur- og vesturslavneskum málum sem gerir það að verkum að rúsínskir málhafar eiga auðveldara með að tileinka sér önnur slavnesk mál. Áhugavert er að rúsínska greinir sig frá öðrum slavneskum málum að því leyti að hún býr yfir sérhljóði sem á rætur að rekja til ferlis sem hófst þegar frumslavnesku hljóðin \*i og \*y greindust að.

айно  
aino

нім  
n'it

Дякую!  
diakuui!

Як ся маеш?  
iak sia maiesh?

Здоров  
zdorov

- 1 єден (ieden)
- 2 два (dva)
- 3 три (try)
- 4 чотыри (chotýry)
- 5 пят (piat)
- 6 шість (shist')
- 7 сім (sim)
- 8 вусям (vusiam)
- 9 дивять (dyviat')
- 10 дисять (dysiat')



<<< Послушайте далші фразы

Mynd: Retezat-þjóðgarðurinn í Karpatafjöllum

# ACY ΣΑΝΝΑ

☺☺☺ 0|9800

Venjan er sú að rita kypverk-maróníska arabísku með grísku lettri, en málvísindafólk notar einnig latneskt letur til þess að rita hana. Orðin og orðastæðurnar á þessari blaðsíðu eru rituð með latnesku lettri.



- 1 eḡen
- 2 ḡnayn
- 3 tlaḡe
- 4 arpca
- 5 ḡamse
- 6 sitte
- 7 sapca
- 8 xmenye
- 9 tisca
- 10 caḡra

Aḡ pitsay?

Salám!

ḡukran!

Nke-ye

Lla

Þegar tvö tungumál sameinast

Hvað gerist þegar málfhafar tveggja mála koma saman og þurfa að eiga í samskiptum? Þá eru orð oft tekin að láni á báða bóga til þess að koma skilaboðum á framfæri. Út frá þessu getur síðan myndast nýtt tungumál, eins og raunin er með kypversk-maróníska arabísku.

Þetta tungumál, sem er talað af litlu málsamfélagi á Kypur, er blanda af arabísku og grísku, þ.e. inniheldur bæði grísk og arabísk orð og hljóð. Ástæða þess er aldalangt sambýli arabísku- og grískumælandi fólks á eyjunni sem byrjaði smátt og smátt að blanda saman málunum, þannig að nýtt mál varð til.

Þessu ferli má líkja við þegar tveimur litum er blandað saman til þess að búa til nýjan lit. Kypversk-marónísk arabíska hefur að geyma einkenni tveggja mismunandi mála og það gerir hana alveg sérstaka.

ḡ

ḡ

ḡ

ḡ

Smacu l-ḡis telli klam >>>>



# SÜRET

👤👤👤 1 000 000

Assýríska skiptist í tvær mállýskur: austur-assýrísku og vestur-assýrísku. Orðin og orðastæðurnar á þessari blaðsíðu eru tekin úr vestur-assýrísku, eða surayt, sem er m.a. töluð í Tur Abdin í Tyrklandi.

Ay Derbo Hat?

ܐܝ ܕܪܒܘ ܗܬ?

ܫܠܘܡܐ

Shlomo

ܬܘܕܝ

Tawdi

1 ܗܐ (ha)

2 ܐܝܬܐ (tre)

3 ܐܬܘܠܐ (tlotho)

4 ܐܪܒܐ ('arbo)

5 ܗܡܫܐ (hamsho)

6 ܝܫܬܐ (ishto)

7 ܫܘܘܐ (shaw'o)

8 ܬܡܢܝܐ (tmanyo)

9 ܬܝܫܘܐ (tish'o)

10 ܐܫܘܪܐ ('asro)

**Tungumál sem á sér langa sögu að baki**

Veltir þú því einhvern tíma fyrir þér hvaða tungumál gáfnaljós fortíðarinnar töluðu? Við vitum að sum þeirra töluðu grísku, eins og Sókrates og Aristóteles, að sum töluðu latínu eins og Cíceró og Seneca og að sum töluðu fornkinversku, eins og Konfúsíus. Samkvæmt Biblíunni talaði Jesús arameísku sem eitt sinn var ríkismál stórveldisins Assýríu og gengdi stöðu ekki ósvipaðri stöðu ensku í nútímanum. Bæði arabískt og hebreskt letur byggja á assýríska letrinu og þegar á heildina er litið hafði assýríska mikil áhrif bæði á afróasísk og indóevrópsk mál.

Málvísindafólk telur að assýríska sem nú er töluð í hlutum Armeníu, Tyrklands, Sýrlands, Íraks, Írans og Líbanons sé komin af arameísku. Assýrískir málhafar búa nú á víð og dreif um hnöttinn og þó margir þeirra tali enn tungumál sitt eru margar assýrískar mállýskur í útrýmingarhættu. Það væri synd og skömm að sjá tungumál með svo langa sögu og sem hefur haft svo mikil áhrif lognast út af.

ܐܝܢ

Een

ܐܠܐ

Lo



ܐܘܪܘܪܐ ܕܐܪܘܪܐ ܕܐܪܘܪܐ

Mynd: tindur fjallsins Ararat og rústir Zvartnots-musteris í Armeníu

[edl.ecml.at/languagejourney](https://edl.ecml.at/languagejourney)

*Þessi bók er framhald bókarinnar Ferðalag Löru um tungumál Evrópu og fjallar aðallega um svæðismundin tungumál og tungumál minnihlutahópa. Tilgangur hennar er að varpa ljósi á ríkulegan fjölbreytileika tungumála í Evrópu.*

*Bókin var unnin af Evrópsku tungumálamiðstöðinni á vegum Evrópuráðsins í tengslum við evrópska tungumáladaginn. Innilegar þakkir til þeirra sérfræðinga sem hjálpuðu okkur að gera þessa ítarlegu og upplýsandi bók að veruleika.*

Fleiri upplýsingar um Evrópsku tungumálamiðstöðina og evrópska tungumáladaginn er hægt að finna á [www.ecml.at](https://www.ecml.at).

Vegna útfærslna og þýðinga, vinsamlegast hafð samband við [information@ecml.at](mailto:information@ecml.at)

© 2023, Evrópuráðið

FIU	SMN	KL	KRL
CRH	TT	GAG	KDR
SC	FRP	OC	WA
PCD	BR	KW	GD
SCO	GV	STH	YEC
NDS	WEN	CSB	YI
LAD	AST	AN	FAX
Böjás	RUE	ACY	Süret

